

Sp.

742. Þingsályktun

[61. mál]

um verðaukaskatt af lóðum og lendum.

(Afgreidd frá Sp. 14. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um verðaukaskatt, sem lagður skal á sölu fasteigna, annarra en íbúðarhúsnæðis, atvinnurekstrarhúsnæðis og ábýlisjarða.

Skal markmið löggjafarinnar vera að skattleggja sölu lóða og lendna, sem hækk- að hafa í verði án tilverknaðar eigenda umfram almennar verðhækkunir.

Skattur þessi renni til sveitarfélaga.